

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Kærleikssjóð Sogns.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Kærleikssjóður Sogns. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Kristínu Kjartansdóttur. Kristín lést á voveiflegan hátt í maí 1947 tæplega tveggja ára gömul. Hún var dóttir Rósu Aðalheiðar Georgsdóttur.

Sjóðurinn er stofnaður af Rósu Aðalheiði Georgsdóttur.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja starfsemi réttargeðdeildarinnar, sem nú er að Sogni, til hagsbóta fyrir sjúklinga, s.s. með jólagjöfum til þeirra, tækjakaupum o.þ.h.

### 3. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

### 4. gr.

Heildarstofnfé sjóðsins er kr. 850.000 – áttahundruðogfimmtíuþúsund, þar af er 50.000 kr. stofnframlag frá Rósu Aðalheiði Georgsdóttur og 800.000 kr. stofnframlag frá Landsbanka Íslands hf.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa Rósa Aðalheiður Georgsdóttir, kt. 260219-4059, Hreinn Hákonarson, kt. 180852-5069, fangaprestur og Magnús Skúlason, kt. 311039-3699, geðlæknir, yfirlæknir á Sogni. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Kristjana Thorarensen, Urðarstíg 6, Hafnarfirði dótturdóttir Rósu mun taka sæti Rósu Aðalheiðar í stjórn sjóðsins að Rósu genginni.

Að öðru leyti munu stjórnendur sitja ótímabundið í stjórn. Hverfi menn úr stjórn skulu þeir sem eftir sitja í stjórninni tilnefna nýjan stjórnarmann. Stefnt skal að því að í stjórninni eigi jafnan sæti yfirlæknir réttargeðdeildar og sjúkrahússprestur.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu hans, tekur allar ákvarðanir um rekstur hans og hvernig markmiðum hans verði best náð.

### 6. gr.

Tekna aflar sjóðurinn m.a. með frjálsum framlögum og eru tekjur hans þá vextir og arður af eignum sjóðsins og annað það sem sjóðnum kann að áskotnast.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal heimilt að veita af tekjum hans og óbundinni eign styrki í samræmi við tilgang hans. Stjórnin annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunarreglur. Stjórnarmenn fá ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast.

Sjóðurinn er ávaxtaður í Landsbanka Íslands hf. Ekki er heimilt að skerða stofnfé sjóðsins

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins og skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á liðnu ári í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki stofnanda og stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðherra.

Samþykki stofnanda og stjórnarmanna þarf til þess að leggja sjóðinn niður.

Skal eignum hans þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Undir skipulagsskrá þessa rita greiðendur stofnframlaga sjóðsins þann 27. október 2004.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. desember 2004.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóniasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*